

Föstudaginn 7. janúar 1983.

Nr. 212/1982. **Rannveig Þórðardóttir**

gegn

Porkeli Valdimarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Rannveig Þórðardóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudagur 10. janúar 1983.

Nr. 69/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Daniel Halldórssyni

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1982, og er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu. Krefst ríkissaksóknari þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þar á meðal um ökuleyfissviptingu, þó svo, að refsing verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 26. apríl 1982.

Framhaldspróf fór fram í máli þessu í sakadómi Reykjavíkur 5. janúar 1983.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans. Hinu sama gegnir um færslu til refsiakvæða, þó svo, að við 50. gr. laga nr. 40/1968 ber að vísa til laga nr. 16/1977, 1. gr.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 80. gr. laga

nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr., 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo sem kröfugerð ákærvalds er farið, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Daniel Halldórsson, sæti 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfisviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. febrúar 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 4. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 31/1982: Ákærvaldið gegn Daniel Halldórssyni, sem tekið var til dóms þann 21. janúar sl.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28 júlí sl., á hendur ákærða, „Daniel Halldórssyni, bifreiðarstjóra, Sólheimum 41, Reykjavík, fæddum 31. maí 1934 að Kvíarholti, Holtahreppi, Rangávallasýslu, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa í náttmyrkri aðfaranótt sunnudagsins 15. mars 1981 ekið bifreiðinni R 2882 suður Hafnarfjarðarveg um Kópavog, milli Digranesveggar og Kópavogslækjar, með 110 kílómetra hraða á klukkustund.

Telst þetta varða við 1., 2. og a og b liði 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-

réttinda samkvæmt 81. gr. umferðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Sunnudaginn 15. mars sl., um klukkan 0322, voru lögreglumenn á eftirlitsferð staddir á Miklatorgi við Hafnarfjarðarveg, er þeir veittu athygli bifreið ákærða, R 2882, sem ekið var hratt suður Hafnarfjarðarveg. Segir í lögregluskýrslu, að ekki hafi náðst að mæla hraða bifreiðarinnar fyrir en í Kópavogi, þ. e. a. s. á Hafnarfjarðarvegi á vegarkafli milli Digranesvegar og Kópavogslækjar. Hafi á þessum kafla tekist að halda jöfnu bili milli ökutækjanna, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 110 km hraða miðað við klst.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 24. apríl sl. og kom fyrir dóm þann 4. ágúst sl. Ákærði kvaðst hafa ekið með umferðarhraða eftir Hafnarfjarðarvegi frá Miklatorgi að gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar. Þar kvaðst ákærði hafa tekið þéttingsfast af stað og ekið suður Reykjanesbraut með umferðarhraða. Ákærði kvaðst á mældum vegarkafli ekki hafa ekið hraðar en á 60 km hraða miðað við klst.

Vitnið Sigurður Skagfjörð Steingrímsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 8. apríl sl. og kom fyrir dóm þann 4. ágúst sl. Vitnið mundi óljóst eftir málinu fyrir dómi, en hjá lögreglu skýrði vitnið svo frá, að á áðurnefndum vegarkafli hefði náðst að halda jöfnu bili milli ökutækjanna og hafi þá hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 110 km hraða miðað við klst.

Vitnið Finnur Skarphéðinn Njálsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 10. apríl sl. og kom fyrir dóm þann 2. desember sl. Vitnið kvaðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar, er það veitti athygli bifreið ákærða við Miklatorg, og var bifreið ákærða ekið á eftir annari bifreið suður gamla Hafnarfjarðarveg. Kvað vitnið bifreiðarnar hafa numið staðar við gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Kringlumýrarbrautar við Nesti. Er eyða myndaðist í umferð á Kringlumýrarbraut, hafi fremsta bifreiðin tekið af stað og síðan bifreið ákærða, sem ekið var mjög snögg inn á Kringlumýrarbraut og strax yfir á vinstri akrein. Kvað vitnið eftirför hafa hafist strax og hafi þeim tekist að halda jöfnu bili milli bifreiðanna á 100 metra kafla milli Digranesvegar og Kópavogslækjar, og sýndi þá hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 110 km hraða miðað við klst. Kvað vitnið viðvörunarljós hafa verið tendruð, skömmu áður en bifreið ákærða var stöðvuð. Kvað vitnið ákærða hafa verið kominn yfir á hægri akrein, er hraði bifreiðar hans var mældur.

Vitnið Þorsteinn Halldórsson Christensen, Barmahlíð 32, gaf skýrslu hjá

rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 19. júní sl. og kom fyrir dóm þann 2. desember sl. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er það var farðþegi í bifreið ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa séð á hraðamæli bifreiðarinnar og taldi ekki, að bifreiðinni hefði verið ekið óleyfilega hratt. Vitnið kvað ákærða hafa komið á heimili þess og sambýliskonu sinnar eftir atvikið, og skildist vitninu á ákærða, að hann væri að reyna að hafa áhrif á framburði þeirra.

Vitnið Guðrún Jóna Gunnarsdóttir, Barmahlíð 32, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 19. júní sl. og kom fyrir dóm þann 2. desember sl. Vitnið kvað ákærða hafa ekið mjög hratt allan tímann. Kvaðst vitnið hafa litið á hraðamæli bifreiðarinnar, er ekið var í Öskjuhlíð, og sýndi þá hraðamælir leigubifreiðarinnar 120 km hraða miðað við klst. Vitnið kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn í Kópavoginum, en kvað hraðann hafa verið mjög mikinn. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum, er umrædd ökuferð átti sér stað.

Vitnið kvað ákærða hafa komið á heimili þess og sambýlismanns síns og hafi hann reynt að hafa áhrif á framburði þeirra.

Vitnið Örn Jóhann Árnason leigubifreiðarstjóri, Efstahjalla 25, Kópavogi, kom fyrir dóm þann 4. ágúst sl. Vitnið kvaðst hafa stöðvað bifreið sína á gatnamótum gamla Hafnarfjarðarveggar og Kringlumýrarbrautar við Nesti, og kvað vitnið bifreið ákærða hafa verið næst á eftir sinni bifreið. Kvað vitnið ákærða hafa ekið fram úr vitninu á vinstri akrein Reykjanesbrautar. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hraða ákærða, en taldi útilokað, að hann hefði ekið á 100 km hraða. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um sinn hraða, en taldi sig hafa ekið á 40–60 km hraða. Vitnið kvað umferð hafa verið mikla á þessari leið á báðum akreinum.

Niðurstöður.

Með samhjóða framburðum tveggja lögreglumanna, sem fá stoð í framburði vitnisins Guðrúnar Jónu Gunnarsdóttur, verður að telja sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, og þykkir framburður vitnisins Arnar Jóhanns Árnasonar breyta hér engu um. Þykkir brot ákærða rétt fært til refsíákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum: 1955 12/9 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1955 7/10 í Reykjavík: Áminning fyrir að hanga aftan í bifreið.

1957 30/8 í Reykjavík: Dómur: 400 kr. sekt fyrir að fá ökuleyfislausum manni stjórn bifreiðar.

1958 9/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

- 1959 3/4 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr., sbr. 256. gr. hegningarlaga.
- 1959 27/11 í Reykjavík: Dómur: 1.500 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. og 50 gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1960 11/3 í Reykjavík: Sýknaður í Hæstarétti af dómi, uppkveðnum 3/4 1959 í sakadómi Reykjavíkur.
- 1960 18/11 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli nr. 5971/1959, uppkveðinn 27/11 1960: undirréttardómurinn staðfestur.
- 1961 15/2 í Reykjavík: Dómur: 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.
- 1961 14/6 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1961 17/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 5. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1962 29/11 í Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 16., 18., 19., sbr. 39., 41. og 42. gr. áfengisлага.
- 1969 12/3 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6. mánuði frá 21/1 1969.
- 1975 22/1 í Keflavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Þann 8. apríl sl. ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt honum þann 13. júlí sl. Ofangreinda bráðabirgðasviptingu felldi dómarrinn úr gildi þann 4. ágúst sl., þar sem þá var fyrirsjáanlegt, að málið drægist. Eftir atvikum þykir rétt að láta við svo búið standa og gera ákærða ekki frekari ökuleyfisviptingu en þegar er orðin.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Daníel Halldórsson, greiði 1.500.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfisvipting.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.